



Alþingi
bt. Efnahags- og viðskiptanefndar
Kirkjustræti
150 Reykjavík

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 20. desember 2017
Tilv.: DMR17090055/8.90.0

Óskað var eftir upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum. Nánar til tekið var óskað eftir upplýsingum varðandi 38. gr. frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2018 og þá sérstaklega h.- og i.- lið (ríkisborgararéttur) áður nefndrar greinar auk d.liðar k.-liðar (flýtimeðferð) sömu greinar.

Áður nefndur h.-lið tekur til gjalds vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt, sem áður var 15.000 kr. en verður 25.000 kr. og hins vegar gjald fyrir tilkynningu um íslenskan ríkisborgararétt, sem áður var 7.500 kr. en verður 15.000 kr. Ástæður hækkunarinnar eru, auk vísitölubreytingar, að gjald það sem nú er tekið fyrir afgreiðslu umsókna sem þessara endurspeglar með engu þá vinnu sem falin er í afgreiðslu umsókna. Var því eftir samanburð við hin Norðurlöndin lögð til hækkun, sem í þeim samanburði er hófleg en gjalið er 4.200 norskar krónur í Noregi og 440 evrur í Finnlandi og 1.500 sænskar krónur í Svíðjóð.

Hvað varðar d.-liðar k.-liðar (flýtimeðferð) þá byggir greinin að hluta á 23. gr. gildandi laga um útlendinga nr. 80/2016 og veitir Útlendingastofnun heimild til að forgangsraða afgreiðslu umsókna með ákveðnum hætti. Er þessu ákvæði m.a. ætlað að gera það mögulegt að koma til móts við þarfir fyrirtækja sem þurfa að ráða fólk til starfa án frekari tafa en hjá verður komist. Jafnframt er gert ráð fyrir að Útlendingastofnun hafi heimild til að hraða afgreiðslu námsmannaleyfa en oft er nauðsynlegt að þau séu afgreidd hratt svo að viðkomandi geti hafið nám, t.d. að hausti. Fjölgun erinda til Útlendingastofnunar hefur óhjákvæmilega leitt til þess að mál þurfa að bíða afgreiðslu og er þá mikilvægt að stofnunin hafi heimild til að forgangsraða verkefnum. Gjald það sem lagt er til endurspeglar kostnað vegna vinnu aukastarfsmanns Útlendingastofnunar við afgreiðslu leyfis.


Pétur U. Fengér


Ívar Már Ottason